

FUNDARBOÐ

5. fundur Bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 27. október 2022 og hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2210001F - Skóla- og fræðslunefnd - 2**
Lögð fram 2. fundargerð skóla- og fræðslunefndar sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar.
- 2. 2210003F - Bæjarráð Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar - 4**
Lögð fram 4. fundargerð bæjarráðs sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar.
- 3. 2210002F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 25**
Lögð fram 25. fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa.

Erindi til kynningar

- 4. 2005070 - Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar**
Lagðar fram fundargerðir Breiðafjarðarnefndar frá fundum 204 og 205.
- 5. 2209020 - Áskorun frá Félagi atvinnurekenda, Húseigendafélaginu og Lands sambandi eldri borgara**
Lögð fram sameiginleg áskorun Félags atvinnurekenda, Húseigendafélagsins og Lands sambands eldri borgara til stjórnvalda. Þar sem lagt er til að ríki og sveitarfélög að grípi til aðgerða til að hindra að gífurlegar verðhækkanir á fasteignamarkaði leiði til mikilla hækkana fasteignagjalda á eignir fólks og fyrirtækja.
- 6. 2209021 - Sveitarfélög, skipulagsáætlanir og framkvæmdaleyfi til skógræktar**
Lögð fram ályktun Skógræktarfélgas Íslands frá aðalfundi félagsins sem haldinn var í Mosfellsbæ dagana 2.-4. september 2022. Félagið skorar á sveitarstjórnir landsins að vinna að skipulagsáætlunum í takt við stefnu stjórnvalda um skógrækt á landsvísu.
- 7. 2210013 - Samgöngumál**
Byggðarráð Dalabyggðar fjallaði um, á 299. fundi sínum, samfélagsvegi og uppbyggingu vegakerfisins. Byggðarráð samþykkti jafnframt að bjóða byggðarráðum Húnaþings vestra og Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar til fundar um samgöngumál og þá

brýnu þörf sem fyrir hendi er á vegabótum á þeim svæðum sem um ræðir. Bæjarráð boðaði mætingu sína á sameiginlegan fund, á 4. fundi sínum.

8. 2204018 - Nesvegur 22A - Kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, greinargerð sveitarfélagsins og önnur gögn

Lagðar fram kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og greinargerð sveitarfélagsins til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna málsins ásamt fylgigögnum og öðrum gögnum tengdum framkvæmdum við Nesveg 22a.

Fulltrúar Asco Harvester ehf., Anna Kristjánsdóttir og Ómar Kristjánsson, komu inn á 4. fund bæjarráðs og gerðu grein fyrir verkefninu og svöruðu spurningum, en kynning þeirra er jafnframt lögð fram.

9. 2210002 - Skýrsla um stöðu slökkviliða á Íslandi

Lögð fram skýrsla um stöðu slökkviliða á Íslandi.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

10. 2002016 - Nýrækt 12 - Lóðarleigusamningur

Lögð fram drög að lóðarleigusamningi við eigendur Nýræktar 12, ásamt lóðarblaði í samræmi við fyrirbyggjandi deiliskipulag.

Bæjarráð samþykkti, á 4. fundi sínum, lóðaleigusamning að Nýrækt 12 ásamt lóðarblaði og fól bæjarstjóra að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.

Afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

11. 2210021 - Viljayfirlýsing um samstarf við Eyrbyggjufélagið

Lögð fram drög að viljayfirlýsingu um samstarf sameinaðssveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar og Eyrbyggjufélagsins um þróun og uppbyggingu Eyrbyggjuseturs á Skildi í Helgafellssveit.

12. 2210017 - Erindi frá Eyja- og Miklaholtshrepp

Lagt fram erindi frá sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps þar sem leitast er eftir samtali um sameiningarkosti. Bæjarráð tók, á 4. fundi sínum, jákvætt í samtöl um sameiningar.

Afgreiðsla bæjarráðs lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

13. 2011013 - Breiðafjarðarferjan Baldur

Lagt fram svarbréf Vegagerðarinnar við fyrirspurn 2. fundar bæjarráðs Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar varðandi framgang og stöðu mála vegna Breiðafjarðarferjunnar Baldurs.

14. 2210016 - Viðauki 3 við fjárhagsáætlun 2022-2025

Lagður fram viðauki 3 við fjárhagsáætlun 2022-2025. Bæjarráð samþykkti, á 4. fundi sínum, viðauka 3 við Fjárhagsáætlun 2022-2025 og lagði til við bæjarstjórn að staðfesta

hann.

15. 2210012 - Fjárhagsáætlun 2023 og þriggja ára fjárhagsáætlun 2024-2026

Lögð fram til fyrri umræðu fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar 2023-2026. Bæjarráð samþykkti, á 4. fundi sínum, að vísa fjárhagsáætlun sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar 2023-2026 til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

16. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra

25.10.2022

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.